

Námsefni

Íslenska Haust 2023 - vor 2024

6.bekkur
Kennari: Ólafur Jens

3 tímar í töflu á viku.
3 vikna lota á haustönn
4 vikna lota á vorönn

Kennsla:

Talað mál hlustun:

Framsagnarverkefni sem byggja meðal annars á munnlegum skilum á verkefnavinnu og ritunar verkefnum nemenda.

Nemendur hvattir til að vera virkir hlustendur og uppbyggilegir gagnrýnendur.

Lestur og bókmenntir:

Unnið á margvíslegan hátt með ólíka lestexta og ljóð.

Ritun:

Fjölbreytt ritunarverkefni - áhersla lögð á uppbyggingu texta, persónusköpun og fjölbreytt textaform.

Ritun á fjölbreyttum textum sem ætlað er að þjálfar stafsetningarreglur.

Málfræði:

Unnið með orðflokkana og helstu einkenni þeirra.

Hæfniviðmið

Sjá heimasíðu Waldorfskólans:

Hæfniviðmið í íslensku
(<https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/hafnividmid-i-%CC%81-i-%CC%81slensku-1-10.b.pdf>)

og Aðalnámskrá grunnskóla.

Að nemandi geti:

Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.

Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.

Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi og boðskap.

Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.

Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.

Efni er skv. Aðalnámskrá grunnskóla.

Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd.

Samið texta þar sem beitt er ímyndunarafli og sköpunarkrafti.

Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.

Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar.

Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Nýtt orðaforða sinn til að skilja ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.

Notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.

Námsmat

Vinnumat kennara.

Vinna í vinnubók.

Þátttaka og frumkvæði í tímum.

Áhugi og skilningur.

Efni

Orðspor 3, Mál til komið, Málrækt 2, Ljóðspor, lesskilningsverkefni, fjölbreytt lesefni og efni frá kennara.

Verkefni

Sjálfstæð vinna, hópverkefni, lestur, lesskilningur og hlustun.